



PANAMA-SKJÖLIN II – HELMINGUR VILL KOSNINGAR Í VOR

Félagsvísindastofnun lagði nokkrar spurningar fyrir úrtak úr netpanel stofnunarinnar dagana 7. og 8. apríl 2016. Svarendur voru 862. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Tímasetning kosninga

- Rétt rúmur helmingur svarenda, sem taka afstöðu, vill að kosið verði til Alþingis í vor (maí/júní 2016), 26% vilja að kosið verði í haust (október/nóvember) og 23% vilja að kosið verði að ári, eða vorið 2017 (apríl/maí) (sjá mynd 1 og greiningu eftir fylgi við flokka í mynd 2).

Stuðningur við nýja ráðherra

- Tæplega fjórðungur svarenda er ánægður með skipan Sigurðar Inga Jóhannssonar í embætti forsætisráðherra, 41% eru ánægð með skipan Lilju Daggar Alfreðsdóttur í embætti utanríkisráðherra og 23% með skipan Gunnars Braga Sveinssonar í embætti landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra (sjá mynd 3).

Traust til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, Bjarna Benediktssonar og Ólafar Nordal

- Umfjöllun um aflandsfélög hefur dregið úr trausti 75% svarenda í garð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, 64% svarenda í garð Bjarna Benediktssonar og 60% svarenda í garð Ólafar Nordal. Sömuleiðis hefur dregið úr trausti meirihluta svarenda til ríkisstjórnarinnar, Alþingis og stjórnsmála almennt (sjá mynd 4).

Afsögn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, Bjarna Benediktssonar og Ólafar Nordal


- 80% svarenda eru hlynnt því að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segi af sér sem þingmaður, 64% svarenda eru hlynnt því að Bjarni Benediktsson segi af sér embætti fjármálaráðherra og 60% eru hlynnt því að Ólöf Nordal segi af sér embætti innanríkisráðherra (sjá myndir 5-8).
- 32% þeirra sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn eru frekar eða mjög hlynnt því að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segi af sér sem þingmaður (sjá nánar á mynd 6).
- 7% þeirra sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eru frekar eða mjög hlynnt því að Bjarni Benediktsson segi af sér embætti fjármálaráðherra (sjá nánar á mynd 7).
- 9% þeirra sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eru frekar eða mjög hlynnt því að Ólöf Nordal segi af sér embætti innanríkisráðherra (sjá nánar á mynd 8).

Viðhorf til þingrofs og kosninga


- Um 57% svarenda eru hlynnt því að þing verði rofið og boðað til kosninga (sjá myndir 9 og 10).
- Yfir 80% þeirra sem myndu kjósa aðra flokka en þá sem nú eru í ríkisstjórn eru hlynnt því að þing verði rofið og boðað til kosninga en 5% stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins og 14% stuðningsmanna Framsóknarflokks (sjá nánar á mynd 10).

Fylgi flokka


- Ef alþingiskosningar væru haldnar á morgun myndu Píratar fá tæp 31% gildra atkvæða, Sjálfstæðisflokkurinn fengi 23% og Vinstrihreyfingin – grænt framboð fengi 15% atkvæða. Ný ríkisstjórn undir forystu Sigurðar Inga Jóhannssonar nýtur stuðnings 33% svarenda (sjá mynd 11).




Mynd 1. Í ljósi atburða undanfarinna daga, hvenær vilt þú að kosið verði næst til Alþingis?




Mynd 2. Í ljósi atburða undanfarinna daga, hvenær vilt þú að kosið verði næst til Alþingis? Greint eftir þeim flokki sem svarendur myndu kjósa.




Mynd 3. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með skipan eftirtalinna ráðherra?




Mynd 4. Hefur umfjöllun um aflandsfélög aukið eða dregið úr trausti þínu í garð ...




Mynd 5. Í ljósi atburða undanfarinna daga, ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að ... segi af sér sem ...?




Mynd 6. Í ljósi atburða undanfarinna daga, ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segi af sér sem þingmaður? Greint eftir þeim flokki sem svarendur myndu kjósa og hvort þeir styðja ríkisstjórnina eða ekki.




Mynd 7. Í ljósi atburða undanfarinna daga, ert þú hlynt(ur) eða andvíg(ur) því að Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, segi af sér embætti? Greint eftir þeim flokki sem svarendur myndu kjósa og hvort þeir styðja ríkisstjórnina eða ekki.




Mynd 8. Í ljósi atburða undanfarinna daga, ert þú hlynt(ur) eða andvíg(ur) því að Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, segi af sér embætti? Greint eftir þeim flokki sem svarendur myndu kjósa og hvort þeir styðja ríkisstjórnina eða ekki.



Mynd 9. Í ljósi atburða undanfarinna daga, ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að þing verði rofið og boðað til kosninga?



Mynd 10. Í ljósi atburða undanfarinna daga, ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að þing verði rofið og boðað til kosninga? Greint eftir þeim flokki sem svarendur myndu kjósa og hvort þeir styðja ríkisstjórnina eða ekki.



Mynd 11. Ef alþingiskosningar væru haldnar á morgun, hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa? Styður þú eða styður þú ekki ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks undir forystu Sigurðar Inga Jóhannssonar?